

Heilbrigðisráðuneytið

## Minnisblað

**Til heilbrigðisráðherra**  
**Frá Ragnheiði Haraldsdóttur, sviðsstjóra**

**15. október 2009**

### ***Inngangur***

Unnið er að skipulagsbreytingum í heilbrigðisþjónustunni sem leiða eiga til betri nýtingar fjármuna svo að þjónusta skerðist sem minnst, gæði og öryggi sjúklinga sé tryggt, störf séu varðveitt eftir því sem kostur er og sparnaður náist þannig fyrst og fremst með kjarajöfnun.

Í ráðuneytinu eru nú til skoðunar fyrirbyggjandi frumtillögur um endurskipulagningu á landinu öllu, en skipulagning sjúkráhusþjónustu á höfuðborgarsvæðinu nýtur forgangs. Á þessu ári var safnað viðamiklum gögnum um sjúkrahúsin á svæði Radíussjúkrahúsanna svokölluðu (Landspítalans (LSH), St. Jósefsspítala – Sólvangs (STJÓ), Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) og Heilbrigðisstofnunarinnar á Akranesi (SHA)). Var stefnt að því að úrvinnslu þessara gagna lyki síðsumars, þannig að hún nýttist við fjárlagagerðina. Þetta tókst ekki, en í Frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir að „.....helstu aðgerðir á vegum heilbrigðisráðuneytisins til að ná fram lækkun útgjalda á árinu 2010 byggist á skýrari verkaskiptingu heilbrigðisstofnana. Einnig verði haldið áfram við endurskoðun á vinnufyrirkomulagi, vaktkerfum og aukagreiðslum, með það að markmiði að lækka útgjöld. Þá er gert ráð fyrir að ráðuneytið beiti sér fyrir samstarfi heilbrigðisstofnana með það að markmiði að ná fram hagræðingu í sameiginlegum innkaupum.”

Ráðuneytið leggur því mikla áherslu á að ljúka undirbúningi fyrir ákvarðanir um skipulag þessarar þjónustu.

### ***Frá orði til athafna***

Þáttaskil urðu í vinnu við endurskipulagningu á þjónustu Radíussjúkrahúsanna um miðjan september sl. Þegar verkefnisstjórn var sett á laggirnar undir tímabundinni stjórn Huldu Gunnlaugsdóttur til að búa til tímasetta aðgerðaáætlun um samstarf og markvissa verkaskiptingu milli heilbrigðisstofnananna. Verkefnisstjórnin tók saman vinnuskjalið *Frá orði til athafna – Radíusverkefnið* (sjá hjál. fylgiskjal nr. 1), en á síðum þess kemur fram að um tillögur að framkvæmd og útfærslu tiltekinnar ákvarðana sé að ræða. Kallaðir voru saman átta hópar (sex klínískir faghópar, einn hópur stjórnenda og einn hópur notenda) til samstarfs við verkefnastjórnina þann 22. september sl. til að útfæra nánar þær tillögur/ákvarðanir sem kynntar voru í

verkefninu. Tillögurnar lutu annars vegar að klíniskri starfsemi og hins vegar að stjórnun og stoðþjónustu. Þær breytingar sem lagðar eru til á klíniskri starfsemi eru eftirfarandi:

- Flutningur áhættufæðinga af Kragasjúkrahúsunum á LSH,
- Fækkun á skurðstofum og/eða lögð af sólarhringsþjónusta á Kragasjúkrahúsunum,
- Meltingalækningar endurskoðaðar,
- Skurðaðgerðir vegna grindarbotnssjúkdóma flytjast frá STJÓ á LSH,
- Almenn lyflæknismeðferð, öldrunarlækningar, endurhæfing og önnur meðferð sem ekki telst bráð verður í auknum mæli sinnt á Kragasjúkrahúsunum og þannig flytjast þessir sjúklingar eins fljótt og kostur er af LSH,
- Samræma skal klínískt verklag og samræma betur vinnu við rannsóknir og myndgreiningar

Stjórnun og stoðþjónusta ýmiss konar þarfnast endurskipulagningar og fjallaði hópur um tillögur þar að lútandi. Hópur aðstandenda og sjúklinga lagði áherslu á að breytingarnar væru notendamiðaðar og að kynning ákvarðana væri markviss.

Hóparnir skiluðu niðurstöðu að loknum vinnudegi, og má sjá stutta samantekt um þær í fylgiskjali 2 (hjá.).

Greiningarhópur hefur jafnframt unnið að kostnaðar- og ábatagreiningu og hefur unnið úr gögnum frá sjúkrahúsunum. Hópurinn er meðal annars að sannreyna hvort raunhæft sé að 5 – 600 milljónir króna sem gert er ráð fyrir að sparist í Kragaverkefninu náist með þeim aðferðum sem þar eru kynntar. Vísbendingar hafa komið fram í vinnu hópsins um fleiri leiðir til sparnaðar, og verða þær þá jafnframt skoðaðar. Þessi hópur er enn að störfum, og mun hann kynna ráðherra fyrstu niðurstöður sínar eftir helgi.

Í þessari viku hafa forstjórum Radíussjúkrahúsanna og LSH verið kynntar niðurstöður úr vinnu hópanna átta og bráðabirgðaniðurstöður úr vinnu greiningarhópsins. Jafnframt hefur verið rætt við forstjórana um hugmyndir að næstu skrefum og haft hefur verið samráð við þá um vinnuferlið. Hulda Gunnlaugsdóttir mun koma að þessari vinnu í tvo daga í næstu viku.

Lögð er áhersla á að vinnu greiningateymisins verði hraðað en vinnan vönduð svo byggja megi tillögur á niðurstöðunum.